

Atli Harðarson

Á hvaða hæfniprepi er undrunin?

Um heimspekikennslu og skráningu gagna um menntun

Erindi flutt á Hugvísindabílingi við Háskóla Íslands 8. mars 2019

Presturinn og heimspekingurinn Ivan Illich sendi frá sér bók árið 1971 sem heitir *Deschooling Society*. Þar lagði hann til að skólakerfið yrði einfaldlega lagt niður. Í bókarlok gerir Illich greinarmun á vonum og væntingum og segir að kerfið snúist mest um vonlausar væntingar – en menntun hljóti einkum að styðjast við vonina.

Ég held við getum að einhverju marki áttað okkur á hvað Illich meinti með því að hugsa um hversdagsleg dæmi um formlegt nám. Ökukennari væntir þess til dæmis að nemandi geti bakkað í stæði. Á bílprófi er svo kannski kannað hvort ökuneminn rís undir þessum væntingum. Væntingarnar eru það sem við ætlumst til að neminn standi skil á. Þegar um frjálst og óformlegt nám er að ræða þar sem ekki eru haldin nein próf og nemandinn leitar einfaldlega til kennara og óskar eftir aðstoð við að læra eitthvað þá eiga væntingar tæpast við – nema ef til vill þær sem nemandinn hefur til sjálfs sín. Kennarinn getur í besta falli vonað að tilsögn sín verði til góðs.

En vonin á líka sinn sess í formlegu námi eins og ökunámi þar sem kennarinn reynir að temja nemanda sínum gætni og tillitssemi. Hann getur þó tæpast gert eiginlegar námskröfur í þeim efnum. Þetta er meðal annars vegna þess að hver sem er getur þóst vera gættinn og tillitssamur í smástund meðan hann tekur próf en það er engin leið að þykjast geta bakkað í stæði. Kennarinn verður að láta sér duga að vona að boðskapur sinn um gætni og tillitssemi hafi áhrif.

Sjálfur reyndi ég einu sinni að gera hliðstæðan greinarmun með því að skilgreina tvenns konar námsmarkmið.¹ Ég líkti annarri gerðinni við vörður og hinni við leiðarstjórnuna. Vörðurnar eru markmiðin sem nemandi getur klárað og hægt er að ganga úr skugga um að hafi verið klárað. Leiðarstjórnun notar fólk hins vegar án þess að fara beinlínis þangað.

Þessi munur á ekkert sérstaklega við um námsmarkmið. Hann birtist í allri viðleitni fólks. Að skokka í klukkustund er eitthvað sem hægt er að ljúka. Að lifa heilbrigðu lífi er hins vegar viðleitni sem klárast ekki fyrr en ævin er á enda og þá yfirleitt með því að fólk verður lasið og deyr. Endar sem sagt í algeru klúðri.

Markmiðin sem er hægt að ná eru sjaldnast neitt sérstaklega mikilvæg. Flest fólk er til í að endurskoða þau af litlu tilefni. Það er ekkert tiltökumál að sleppa skokkinu og fara í sund í staðinn. Oftast þarf meira að ganga á til að fólk gefi markmiðin sem er ekki hægt að klára upp á bátinn.

¹ Sjá https://notendur.hi.is/atlivh/textar/skolamal/hugmyndir_um_namsmarkmid_i_nyrri_adalnamskra_framhaldsskola.pdf

Sum góð og gild námsmarkmið eru vissulega vörður. Það er til dæmis hægt að klára að læra margföldunartöfluna. Ef verið er að kenna eitthvert námsefni eins og kannski Njáls sögu er líka hægt að ætlast til að nemendur leggi staðreyndir á minnið og svari því rétt á krossaprófi að Hildigunnur giftist Höskuldi og Hallgerður var tengdamóðir Þráins. En kennsla í Njálu sem snýst bara um markmið sem hægt er að ljúka verður sennilega ansi leiðinleg. Sagan er hins vegar áhugaverð ef fólk spyr til dæmis um samskipti karla og kvenna í henni – eða Íra og norrænna manna eins og Bjarni bróðir minn gerir nú á Söguloftinu í Borgarnesi.

En hvenær hefur fólk skilið samskipti kynja og þjóða í Njálu? Þegar það hefur áttað sig á söguþræðinum? Tengt þau eigin reynslu? Skoðað þau með hliðsjón af öðrum miðaldabókmenntum? Séð hvaða ljósi félagsvísindi nútímans varpa á þau? Þetta klárast ekkert og raunar vandséð hvernig viðleitni til að afla skilnings af þessu tagi getur lokið.

Þau sem halda að hægt sé að svara því hvað tekur langan tíma að klára að ná opnu markmiði eins og að skilja Njálu hafa líklega ekki skilið hvað um er rætt. Þetta markmið er leiðarstjarna fremur en varða og sókn að því styðst við vonir fremur en væntingar. Sama má segja um mörg önnur námsmarkmið sem varða skilning, þroska og vitsmuni.

Þetta var inngangur. Ég ætlaði að tala um skriffinnsku og heimspekikennslu.

Ríkið úthlutar fé til framhaldsskóla og háskóla og það „sér“ afköst skólanna sem töluleg gögn á borð við fjölda námseininga. Þessi gögn eru skráð með sama hætti fyrir alla nemendur. Á mælikvarða mannfólks er meira virði að framhaldsskóli taki við unglingi sem ekki getur lesið dönsku og kenni honum svo að hann verði læs á málið en að munstra einingar í dönsku á nemanda sem hefur búið í Danmörku og þarf ekki á kennslunni að halda. Báðir þessir nemendur fá samt jafnmargar einingar fyrir að klára sama áfanga í dönsku. Í opinberum gögnum er það sem skólinn gerði fyrir þá skráð nákvæmlega eins. Við getum orðað þetta svo að ríkið „sjái“ bara vísbendingar um afköst og árangur en sé blint á veruleikann á vettvangi.

Sagan um hvernig ríkið hefur, öld fram af öld, ráðskast með fleiri og fleiri svið mannlífsins er að miklu leyti saga um svona vísbendingar og hvernig þeim er haldið til haga. Sú útgáfa af þessari sögu sem ég hef til hliðsjónar er sögð af bandaríska mannfræðingnum James C. Scott. Í bók sem kom út fyrir rúmum 20 árum og heitir *Seeing like a state* fjallar Scott um hvernig ríkið einfaldar félagslegan veruleika til að ná stjórn á honum. Mikill hluti þessarar einföldunar felst í kerfisbundinni skráningu. Í bókinni fjallar Scott um skráningu á ættarnöfnum, búsetu, eignarhaldi á landi, tekjum og fleiru og útskýrir hvernig hún gerði skattheimtu, herkvaðningu og miðstýringu mögulega.

Umrædd skráning felur jafnan í sér einföldun á veruleika sem fyrir er. Sem dæmi má nefna að um leið og land er skráð eign einstaklings, þá er réttur hans til að nýta það iðulega gerður afdráttarlausari en áður. Fyrir daga skriffinnskunnar átti nágranni kannski rétt á að höggva skóg á landinu, annar mátti veiða þar eða brynna hjörð sinni. Með skráningu tekur réttur, sem er klipptur og skorinn, við af venjum sem eru gjarna miklu flóknari og sveigjanlegri. Þegar opinber skrásetning á félagslegum veruleika festist í sessi fer einföldunin að gilda. Sá hluti veruleikans sem ríkið „sér“ verður, í huga fólks, hinn sanni veruleiki.

Þegar ég sjálfur gekk í skóla voru til samræmd próf (barnapróf og landspróf og sveinspróf) og ýmisleg skriffinnsla í kringum menntakerfið. Hún var þó heldur frumstæð í samanburði við það sem við nú höfum. Ef við lítum til dæmis á framhaldsskólann, þá er hver námsáfangi sem nemandi tekur skráður í námsferil í miðlægum gagnagrunni, þar sem er tilgreint hvað hann teljist mikið nám í einingum talið og á hvaða þrepi. Fyrir hvern áfanga eru svo skráð hæfniviðmið í námskrárgrunn. Sumt af þessu er fremur nýtt hér á landi, eins og skipting áfanga á þrep og miðlæg skráning hæfniviðmiða. Sumt á sér sögu sem nær lengra aftur. Þannig var þegar við stofnun fyrstu fjölbrautaskólanna, árið 1975, tekið að skrá „magn náms“ í einingum. Þessi skráning fór fremur fljótt að hafa töluverð áhrif á hvernig almenningur hugsaði um menntun.

Á árunum 2001 til 2014 var ég stjórnandi við framhaldsskóla og sinnti meðal annars ýmsum erindum frá fyrrverandi nemendum skólans. Um mitt þetta tímabil var fólki í vaxandi mæli beint í raunfærnimat, sem stytta leið þess til að ljúka starfsnámi. Í tengslum við þetta þurfti fólk að fá staðfestingu á hvað það hefði lokið mörgum framhaldsskólalæningum, til dæmis í dönsku, á sínum unglingsárum. Fyrir suma skipti talsverðu máli hvað einingarnar voru margar því tilskilinn fjöldi var forsenda fyrir brautskráningu af iðn- og starfsmenntabrautum.

Allir sem ég talaði við virtust líta á það sem sjálfsagðan hlut að hægt væri að tilgreina, með tölum, magn dönskunáms fyrir tuttugu árum síðan, hvort það hefði til dæmis verið tvær eða fjórar einingar. Hins vegar var allt kerfið sett þannig upp, að það gat ekki skipt nokkru einasta máli, hvort þeir sem báðu um þessi plögg gætu lesið eða talað dönsku. Það var skráningin sem gildi, en ekki veruleikinn sem skráningin átti upphaflega að vera til vitnis um. Vísbendingarnar sem ríkið „sá“, einingarnar, voru farnar að skipta meira máli en það hvað nemendur gátu og kunnu.

Fólk gekkst inn á þetta með ýmsu móti og einingarnar urðu eins og peningar – meira keppikefli en það sem þær stóðu fyrir.

Hvað kemur þetta heimspekikennslu við?

Hefðbundin kennsla flestra greina býr yfir flóknu samspili vona og væntinga, markmiða sem hægt er að ljúka og viðleitni sem stýrir námi og kennslu án þess að neitt vit sé í að tala um að hún klárast. Skráning á námi einfaldar þennan veruleika og einföldunin veldur því að væntingarnar verða í fyrirrúmi en vonirnar víkja.

Það sem hægt er að klára er skráð en annað ekki. Það sem telst með er bara andlausari helftin af veruleikanum – og raunar ekki einu sinni þessi helft því það sem er skráð er einatt bara vísbendingar um nám – eitthvað á borð við einingar og kennslustundafjölda. Stundum er þetta sem hægt er að klára svo lítið að nemandi getur gramsað það til sín í fjarnámi með því að sitja við skjá í fáeinar stundir. Hann fær einingar eins og þeir sem taka þátt í samræðum, leit og þælingum vegna þess að skráningin telur ekki viðleitni sem stýrist að tilgangi af því tagi sem ég kenni við leiðarstjörnu og Ivan Illich tengir við von fremur en væntingar.

Í margvíslegu námi er það sem raunhæft er að krefjast, vænta, að nemandi standi skil á í lok misseris ósköp lítið í samanburði við það sem er skynsamlegt að vona að hann fái út úr því að

taka þátt í skólafarfinu af lífi og sál. Af þessu leiðir að ef væntingarnar einar teljast skipta máli þá virðist lítil ástæða til að taka raunverulegan þátt í neinu skólafarfi.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að í allmörgum handbókum um skráningu hæfniviðmiða er það beinlínis skilgreint sem villa að tilgreina skilning sem námsmarkmið. Það eitt er gilt sem hægt er að klára og eins ég nefndi er leit að skilningi í mörgum tilvikum opið markmið sem stýrir viðleitni fólks án þess henni ljúki.

Ég held að heimspeki sé að því leyti óvenjuleg námsgrein að markmið sem hægt er að ljúka gegna minna hlutverki en í flestum öðrum greinum. Hún er líka óvenjuleg að því leyti að nemandinn þarf alltaf að vera tilbúinn til að fara aftur á byrjunarreit – spyrja einföldustu spurninga upp á nýtt. Það er eins og klárast aldrei að svara því hvort guð er til, viljinn frjáls og sálin ódauðleg.

Oftan á þetta bætist svo að það sem helst gerir fólk að heimspekingum er undrunin. Í árdaga heimspekisögunnar ræddi Aristóteles um þetta sagði að uppruni heimspekinnar væri undrunin. Á máli hans var þetta tjáð með því að nota nafnorðið „θαύμα“, sem getur þýtt undrun eða undur, og sögnina „θαυμάζω“, sem getur merkt að undrast. En þessi orð, sem Aristóteles notaði, merkja ekki bara furðu heldur líka aðdáun, að þykja eitthvað undursamlegt.

Ég held að undrunin sé með því dýrmætasta sem hægt er að gefa nemendum. Hún gefur fólki drift til að læra og reyna að skilja ekki bara heimspeki heldur líka alls konar vísindi og mér finnst raunar trúlegt að margir sem ná langt í vísindum geri það vegna þess að þeir eru í aðra röndina heimspekingar í skilningi Aristótelesar. En í öllum þeim miklu kerfum sem skrá námsferla einstaklinga er ekki, og verður ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, stafur um heimspekilega menntun í þessum skilningi. Undrunin tilheyrir engu hæfniprepi og við getum aldrei staðfest með heiðarlegum hætti að nú sé nemandi búinn að undrast og þess vegna rétt að hann fái einingarnar sínar.

Ég hef verið svolítið hugsi yfir þessu og ég vona að áhyggjur mínar séu ástæðulausar. En, það sem ég hef áhyggjur af, er að of háþrúð skrifinnaska einfaldi skólafarf svo mjög að margt af því sem mestu skiptir hverfi – það sem drífur okkur áfram, og fær okkur til að vilja læra, hætti að teljast með – lendi utangarðs – verði ómark.

Ágrip

Í bók sem kom út árið 1998 og heitir *Seeing Like a State* fjallar bandaríski mannfræðingurinn James C. Scott um samfélagsbreytingar sem urðu sem hliðarverkanir af skipulegri skráningu stjórnvalda á gögnum um ýmis efni svo sem búsetu fólks, eignir og tekjur. Hann rökstyður að slík skráning feli jafnan í sér einföldun og breytingar á félagslegum veruleika því skráningin ákvarði hvað skipti máli.

Í fyrirlestrinum eru kenningar Scotts notaðar til að varpa ljósi á stöðu heimspekinnar í skólakerfi þar sem árangur er skráður sem námseiningar á tilteknu hæfniprepi.

Frá tímum Sókratesar hefur menntun í heimspeki snúist um að halda undrun sinni vakandi, rækta með sér löngun til að skilja og vera sífellt tilbúinn að fara aftur á byrjunarreit í leit að svörum. Heimspekikennsla af þessu tagi ber árangur ef tekst að tendra með nemendum undrun og spurn. Þann árangur er erfitt að skrá sem magn náms og skipa á hæfniprep og þess vegna er erfitt að láta hann skipta máli í skipulegu skólafarfi sem markast af slíkri skráningu.